



Til borgarráðs

Reykjavík, 12. mars 2015

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um farþegaflutninga í atvinnuskyni

Vísað er til tölvupósts borgarráðs dags. 25. febrúar 2015 þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs vegna frumvarps til laga um farþegaflutninga í atvinnuskyni vegna umsagnarbeiðni frá nefndarsviði Alþingis dags. 19. febrúar 2015.

Reykjavíkurborg telur framlagt frumvarp mikilvægt og nauðsynlegt til að skýra reglur sem gilda um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni. Reykjavíkurborg tekur undir innsendar athugasemdir Sambands Íslenskra sveitarfélaga dags. 9. mars sl., en gerir auk þess eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Varðandi 5. gr.

Reykjavíkurborg veltir því fyrir sér hvers vegna Vegagerðinni er falið að fara með skipulag almenningsamgangna í landinu en ekki Samgöngustofu, sem fer með framkvæmd laganna og settra stjórnvaldsreglna. Það er vel ef tilgangur laganna er að styrkja almenningsamgöngur í landinu og Vegagerðin komi að kostun þeirra og framkvæmd eins og annarra samgangna í landinu.

Varðandi 17. gr.

Í 4. mgr. 17. gr. er tiltekið að í hópferðum sé heimilt sé að taka farþega upp á biðstöðvum reglubundinna farþegaflutninga. Reykjavíkurborg bendir á að sérstök safnstæði eru víða í borginni fyrir hópferðir og þykir líklegt að þetta fyrirkomulag sé til þess fallið að valda skapi farþegaflutningum, s.s. strætisvagnaferðum erfiðleikum og er því lagst gegn tillögunni. Bent skal á að þróun ferðarþjónustu í borginni er ákveðið áhyggjuefni. Allt of algengt er að farþegar séu sóttir, jafnvel á smæstu gististaði til þátttöku í ferðum, í stað þess að nýta sér almenningsvagna í borginni. Hefur þetta skapað nokkra óánægju meðal borgarbúa sérstaklega í miðborginni.

Varðandi 32. gr.

Nefnt er að borgarleyfi sé tilkomið vegna óska Reykjavíkurborgar að koma á léttvagna - tuk - tuk þjónustu í borginni. Reykjavíkurborg kannast ekki við að hafa óskað eftir lagabreytingu í þessa veru og fer fram á að nefndin upplýsi nánar u hvaðan sú ósk kemur fram. Reykjavíkurborg gerir þó ekki sérstakar athugasemdir við ákvæðið og telur eðlilegt að farartæki þessi eigi þess kost að fara út götur með 50 km/klst hámarkshraða, en verði ekki einskorðaðar við 30 km/klst hraða. Ekki verði þó heimilt að aka á hjóla- eða göngustígum. Lagt er til að heimild verði veitt í samráði við borgaryfirvöld, sem hafi þá jafnframt heimild til að setja nánari reglur um starfsemi sem þessa, s.s. fjölda farartækja, staðsetningu starfsstöðva þeirra ofl.

Varðandi 39. gr.

Gera verður athugasemd við 3. tl. 1. mgr. 39. gr. frumvarpsins um fimm ára hámarks lengd opinberra samninga á þessum vettvangi. Bent er á að sveitarfélög hafa mikla hagsmuni af því að samningar um almenningsþjónustu geti verið það langir að kostnaður sveitarfélagsins sé eins hagkvæmur og völ er á. Miða verður við þá hagsmuni sem að baki hverjum samningi er og getur verið hagkvæmt að samningar gildi til 10-12 ára. Sem dæmi má nefna að í Danmörku eru samningar um almenningsamgöngur almennt gerðir til 12 ára að hámarki í senn. Þá er bent á það að skammur samningstími hamlar í raun allri framþróun í almenningsamgöngum þar sem breyting yfir í notkun á vögnum sem ganga fyrir öðrum en hefðbundnum eldsneytisgjöfum kallar á miklar fjárfestingar innviða. Lagt er til að almenningsamgöngum verði tryggð heimild til 12 ára gildistíma samninga að jafnaði.

Varðandi 40. gr.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Gerð er athugasemd við 2. mál. 1. mgr. þar sem lögð er á sú skilyrðislaus skylda að bjóða út samninga á fimm ára fresti. Vísast til þess sem hér að framan er rakið í athugasemdum um 39. gr. um ótvíræða hagkvæmni lengri samningagerðar og er nauðsynlegt að heimildir 39. og 40. gr. frumvarpsins um gildistíma samninga haldist í hendur. Því til viðbótar er rétt að benda á að um það hvernig opinberum samningum um almenningssamgöngur er komið á gildir svokölluð veitutilskipun nr. 2004/17/EB sem leidd hefur verið í lög með reglugerð 755/2007, sbr. heimild í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Þá þykir rétt að benda á að af 2. mgr. 7. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 leiðir að einungis tveir kaflar laganna gilda um innkaupaferli sem framkvæmt er á grundvelli veitutilskipunar, þ.e. ákvæði 14. kafla um kærunefnd útboðsmála og 15. kafla um gildi samninga, óvirkni, önnur viðurlög og skaðabætur. Lokamálsliður 2. mgr. 7. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 mælir skýrt fyrir um að löggin gilda ekki að öðru leyti um þá aðila sem falla undir gildissvið veitutilskipunarinnar, sbr. 5. gr. veitutilskipunarinnar.

Í því samhengi er gerð athugasemd við að ákvarðanir og samningar sem gerðir eru á grundvelli þessarar greinar séu kærانlegir til Samgöngustofu, sbr. 5. mgr. 40. gr. frumvarpsins. Skortir nánari rökstuðning fyrir nauðsyn þess og er á það bent að í gildandi lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 eru samningar sem gerðir eru á grundvelli veitutilskipunarinnar kærانlegir til kærunefndar útboðsmála.

F.h. Umhverfis og skipulagssviðs

Harri Ormarsson, hdl.